

hverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt sem skipstjóri hafi fengið skipunina sjálfur.

47. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 10 þúsund krónum, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnar-sjóð Grundarfjarðar.

48. gr.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi, samkvæmt lögum nr. 29 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld hafnarreglugerð nr. 60 5. maí 1944, með áorðnum breytingum.

*Samgöngumálaráðuneytið, 27. júlí 1962.*

**Emil Jónsson.**

*Brynjólfur Ingólfsson.*

9. ágúst.

Nr. 107.

## REGLUGERÐ

**um fasteignaskatt í Suðureyrarhreppi, Vestur-Ísafjarðarsýslu.**

Fasteignaskatt í Suðureyrarhreppi skal innheimta með 200% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 9. ágúst 1962.*

**Gunnar Thoroddsen.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

16. ágúst.

Nr. 108.

## REGLUGERÐ

**um fasteignaskatt í Kelduneshreppi, Norður-Þingeyjarsýslu.**

Fasteignaskatt í Kelduneshreppi skal innheimta með 50% álagi eins og hann er ákveðinn í 3. gr. laga nr. 69/1962.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 69/1962, 5. gr., sbr. 3. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. ágúst 1962.*

**F. h. r.**

**Hjálmar Vilhjálmsson.**

*Gunnlaugur Þórðarson.*